

Ársfundur Guðfræðistofnunar 2020–2021

24. febrúar 2021

Skýrsla stjórnar

Inngangur

Síðasti ársfundur Guðfræðistofnunar var haldinn 3. júní 2020. Samkvæmt reglum Guðfræðistofnunar skal halda ársfund stofnunarinnar á fyrsta ársfjórðungi hvers árs. Af ástæðum sem ekki þaf að taka fram hlaut ársfundur fyrir 2020–2021 að frestast fram yfir tilsettan tíma.

Stjórn Guðfræðistofnunar

Núverandi stjórn stofnunarinnar skipa: Hjalti Hugason, sem er formaður og Gunnlaugur A. Jónsson, meðstjórnandi og varaformaður. Á síðasta ársfundi vék Bjarni Karlsson úr stjórninni þar sem hann hafði þá lokið doktorsprófi. Ekki hefur tekist að finna eftirmann hans úr röðum þeirra sem fylla skilyrði um stjórnarsetu.

Fjárhagsstaða

Sjá ársreikninga stofnunarinnar í fylgiskjali.

Málstofur

Vegna COVID 19 og sóttvarnaaðgerða HÍ hafa málstofur ekki verið haldnar á starfsárinu.

Málþing

Hefðbundið haustmálþingi Guðfræðistofnunar undir titlinum *Hvað er í deiglunni?* var að þessu sinni tekið upp og vistað á netinu undir slóðinni https://youtu.be/bMKtaFDIm_o og hefur það hlotið nokkra dreifingu. Er þess vænst að starfsmenn stofnunarinnar (þ.e. allir kennarar deildarinnar) deili tenglinum sem víðast. Dagskráin var sem hér segir:

Sólveig Anna Bóasdóttir: Síðfræðileg gildi og hugsjónir í yfirlýsingu *Faith for Nature* heimsráðstefnunnar í Skálholti 5. – 8. október 2020.

Hjalti Hugason: Trúfrelsi á tímum lýðræðis og fjölhyggju.

Arnfríður Guðmundsdóttir: Syndin í lúthersku ljósi.

Gunnlaugur A. Jónsson: "Sál mín er beygð í mér."

Útlegð í eigin landi. Dæmi um sorgarefni í harmsálmum Saltara.

Ritröð Guðfræðistofnunar

Arnfríður Guðmundsson prófessor er ritstjóri Ritraðarinnar. Önnur í ritstjórn eru prófessorarnir Gunnlaugur A. Jónsson og Sólveig Anna Bóasdóttir.

Tvö hefti *Ritradarinnar* komu út á árinu 2020. Eins og kunnugt er er útgáfan nú rafræn og er hana að finna á nýrri heimasíðu Ritradarinnar á slóðinni: <https://timarit.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/index>

Hugvísindaping

Hugvísindaping 2020 var háð á netinu 18. og 19. september 2020. Ein málstofa var skipulögð á vegum Guðfræðistofnunar og þverfaglega verkefnisins *Mannréttindi — fjölmennig — trú — loftslagsvá*. Þrjú af kenurum deildarinnar tóku þátt í málstofunni auk jafn margra fyrirlesara utan kennarhópsins. Aðrir kennarar tóku þátt í málstofum á öðrum þverfaglegum sviðum.

Þverfaglegt verkefni

Eins og fram kom í síðustu ársskýrslu var stofnaði Guðfræðistofnun þverfaglegs verkefnis undir vinnutitlinum *Mannréttindi — fjölmennig — trú — loftslagsvá*. Í stjórn þess voru kjörin prófessorarnir Sólveig Anna Bóasdóttir, Rúnar Már Þorsteinsson og dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir forstöðumaður Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Vegna COVID-19 hefur frekari mótun verkefnisins tafist en málefni þess verða rædd á ársfundinum.

Starfssjóður Guðfræðistofnunar

Staða sjóðsins verður kynnt á fundinum.

Alþjóðlegt samstarf

Starfsmenn Guðfræðistofnunar hafa verið virkir í norrænum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum hver á sínu sviði.

Sérstaklega skal tekið fram að frá hausinu 2019 tók Guðfræðistofnun þátt í því að undirbúa alþjóðlega ráðstefnu um „trú í þágu náttúrunnar“ (e. *Faith for Nature*), þar sem markmiðið var að stefna saman trúarleiðtogum alls staðar að úr heiminum til að fjalla um hvernig hin ýmsu trúarbrögð geta beitt sér gegn áhrifum hlýnandi loftslags og virkjað trúað fólk til að taka þátt í því starfi. Haustið 2019 var haldin í Skálholti undirbúningsráðstefna í tengslum við ráðstefnuna Hringborð Norðursins (e. *Arctic Circle Summit*), en fyrirlesarar í Skálholti tóku einnig þátt í málstofu á þinginu í Hörpu. Með stuðningi ríkisstjórnar Íslands var alþjóðleg ráðstefna undir yfirskriftinni *Faith for Nature. Multi-Faith Action* (<https://faithfornature.org>) haldin 5.–8. október 2020. Vegna heimsfaraldursins var því miður ekki hægt að halda ráðstefnuna hér á landi, eins og ráðgerð hafði verið, en hún fór í staðinn að mestu fram á netinu. Nokkrir þátttakendur voru engu að síður staðsettir í Skálholti þaðan sem ráðstefnunni var stjórnað. Þangað komu m.a. forseti Íslands, umhverfisráðherra og biskup Íslands og héldu sínar ræður í Skálholtskirkju. Þetta var mjög vel heppnaður atburður og miklar vonir eru bundnar við áframhaldandi starf undir þessum formerkjum. Umhverfisráðherra hefur m.a. tekið það að sér að fylgja málefniinu eftir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Reykjavík, í febrúar 2021

Hjalti Hugason
formaður

Gunnlaugur A. Jónsson
meðstjórnandi